

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

VORÖNN 2012

ENSKA 503 - 3. bekkur máladeildar

Undanfari: ENS403

KENNARI: Hrefna G. Torfadóttir, hrefna@ma.is

Áfangalýsing

Meginviðfangsefni þessa áfanga eru bókmenntir 19. og 20. aldar í Bretlandi og Bandaríkjunum og verða lesnir styttri bókmenntatextar í samhengi við bókmenntasöguna. Vinnu áfangans lýkur svo með veigamiklu munnlegu lokaprófi. Talþættinum verður því gert hátt undir höfði. Nemendur flytja fyrirlestra um rithöfunda tímabilsins og velja sér skaldsögu eftir þá rithöfunda. Haldið verður áfram með markvissri þjálfun í ritgerðarsmið og skrifa nemendur tímaritgerð byggða á þeirri skaldsögu sem þeir völdu. Ritunarþættinum verður einnig sinnt í formi dagbókar sem nemendur skila inn aðra hvora viku. Horft verður á kvikmyndir tengdum þessum tímabilum og umræður að þeim loknum.

Áfangamarkmið

- Að veita nemendum aukna þjálfun í meðferð talaðs og ritaðs máls með umræðum, hópvinnum, fyrirlestrum og fjölbreyttu lesefni.
- Að gefa innsýn í sögu breskra og bandarískra bókmennta síðustu tveggja alda og auka færni í bókmenntafræðilegri greiningu.
- Að nemendur nái öruggari tökum á uppbyggingu ritaðs máls svo sem inngangi með efnisyrdingu, meginmáli með efnisgreinum og niðurlagi.
- Í þessum áfanga er ætlast til að nemendur hafi náð góðu valdi á helstu málfræði- og stafsetningarreglum og geti skrifað svo til hnökralausan texta út frá eigin tilfinningum og ímyndunarafli svo og skipulega út frá heimildum.

Námsefni

Fields of Vision (book 2), ed. Denis Delaney, Ciaran Ward, Carla Rho Fiorina.

Aukaverkefni frá kennara

Námsmat

1. Vinnueinkunn gildir 20% einkunnar. Hér gilda smápróf annarinnar, almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, gæði verkefnavinnu og þátttaka í umræðum.
2. Kjörbókarritgerð 10%
3. Fyrirlestur 15%.
4. Dagbók gildir 15%. Nemendur skila á tveggja vikna fresti inn að lágmarki fjórum handskrifuðum síðum (A5) um efni úr yfirferð tveggja vikna í einu. Fimmtudagur er skiladagur.
5. Munnlegt lokapróf gildir 40%.

Réttur til breytinga áskilinn

Reglur enskudeildar um próf og skil á verkefnum

Allir nemendur eiga að skila verkefnum á skiladegi nema að fenginni undanþágu hjá kennara.

- Stærri verkefni (ritgerðir, fyrirlestrar, verkefnamöppur (Study Folders) o.þh):
Hver dagur frá skiladegi sem ekki er skilað verkefni lækkar einkunn um einn heilan. Þegar þrjú skóladagar eru liðnir frá skiladegi tekur kennari ekki lengur við verkefnum.
- Smærri verkefni (styttri heimaverkefni t.d. ritanir, stílar, málfræðiverkefni o.þh.)
Nemandi skilar á skiladegi. Hámarksfrestur ef nemandi „gleymir“ verkefni er þar til kl. 16 næsta dag en þá dregst jafnframt einn heill af einkunn. Eftir það tekur kennari ekki við verkefninu.
- Nemandi sem ekki mætir í próf/könnun sem gildir 5% eða meira tekur prófið/könnunina við fyrsta tækifæri og þarf að skila inn vottorði ekki síðar en viku frá prófdegi annars fær hann 0.
- Ef eitthvað kemur uppá daginn áður eða jafnvel samdægurs vegna verkefnaskila þá á að láta kennara vita strax (t.d. í tölvupósti eða símleiðis). Kennari getur gefið frest ef honum þykir ástæða til. Að öðrum kosti gilda ofangreindar reglur um skil á stærri verkefnum.
- **Nemendur í 1. bekk þurfa að ná 40 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- **Nemendur í 2.- 4. bekk þurfa að ná 45 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- **Í áföngum þar sem vægi lokaprófs er minna en 50% þarf nemandi að þreyta próf þótt vetrareinkunn hans sé yfir 5. Þreyti hann ekki prófið er hann sjálfkrafa fallinn á áfanganum.**